

**Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 3. desember 2014 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-67/2014:

**I**

**Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 2. september sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna ágreinings við Y, hér eftir einnig nefnt gagnaðili. Snýr ágreiningur aðila um lyklaborð sem álitsbeiðandi skildi eftir á starfsstöð seljanda og seljandi fargaði síðar. Telur álitsbeiðandi að seljanda beri að láta sér í té inneignarnótu fyrir andvirði lyklaborðsins, enda hafi hann ekki óskað eftir því að lyklaborðinu yrði fargað.

**II**

**Niðurstaða kæruneftndarinnar**

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003 geti beðið kæruneftndina um álit á ágreiningnum.

Ágreiningur aðila snýst um meint tjón sem álitsbeiðandi telur að seljandi hafi valdið sér með því að hafa fargað lyklaborði sem álitsbeiðandi hafði áður keypt af seljanda. Er í raun um að ræða skaðbótakröfu álitsbeiðanda á hendur seljanda. Telur kæruneftndin að ágreiningur aðila falli ekki undir þjónustukaupalög, neytendakaupalög né lausafjárkaupalög, þar eð um sé að ræða bótakröfu sem byggist á almennum reglum skaðabótaréttar. Af þessu leiðir að kæruneftndin hefur ekki heimild til þess að gefa álit sitt á þeim ágreiningi sem lýst er í álitsbeiðni. Kæruneftndinni ber því að vísa álitsbeiðninni frá sér.

**III**

**Álitsorð**

Álitsbeiðni X er vísað frá kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir